FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Lýðheilsa með áherslu virkni og samfélagsþátttöku
Námsgrein:	lýðheilsa
Viðfangsefni:	Samfélagsþátttöku
Skammstöfun:	LÝÐH1SÞ02
Þrep:	1
Einingafjöldi:	2
Lýsing:	Áfanginn fjallar um fjölbreyttar tómstundir og afþreyingu sem fólk stundar sér til dægradvalar. Í áfanganum er tómstundaframboð í nærsamfélaginu kannað og mikilvægi tómstundaiðju í daglegu lífi. Farið verður yfir hvaða getu þarf til að sinna tómstundum og skoðað hvaða tómstundir henta hverjum með tilliti til áhuga, aldur og líkamlegrar færni.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mikilvægi eigin ábyrgðar á velferð sinni, líkamlegri og andlegri • að allir hafa hæfileika og þroskamöguleika • styrkleikum sínum • kostum góðs og heilbrigðs félagslífs • mikilvægi jákvæðrar framtíðarsýnar • að til eru fjölbreyttar tómstundir • að tómstundir geta verið ánægjulegar og hægt er að velja tómstundir við hæfi • að tómstundir geta verið ekki einungis til afþreyingar heldur líka haft menntunarlegt gildi • eigin mörkum og virða mörk annarra • mikilvægi þess að vera virkur og taka þátt
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • bera ábyrgð á eigin velferð, líkamlegri og andlegri • stunda tómstundir við hæfi • efla félagsþroska sinn • eiga góð samskipti við aðra • setja sér markmið í samræmi við getu • efla sjálfsvitund sína og öðlast trú á sjálfum sér • verða betur meðvitaður um sjálfan sig, áhugasvið sitt og styrkleika • skoða markmið sín og lífsstíl • vinna með öðrum • beita algengum samskiptareglum við mismunandi félagslegar aðstæður • taka virkan þátt í félagslífi skólans í samræmi við sitt áhugasvið

Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • vinna með öðrum • beita algengum samskiptareglum við mismunandi félagslegar aðstæður • taka virkan þátt í félagslífi skólans í samræmi við sitt áhugasvið • prófa að taka þátt í uppbyggjandi og fjölbreyttum tómstundum • stunda uppbyggjandi tómstundir um langt skeið
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.